

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2018

2021/EES/13/22

frá 6. júlí 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/84 frá 19. ágúst 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin klórþýrifos, klórþýrifosmetýl, klóþíanidín, koparefnasambönd, dímoxystróbín, mankóseb, mekópróp-p, metíram, oxamýl, petoxamíð, própíkónasól, própíneb, própýsamíð, pýraklóstróbín og soxamíð ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/112 frá 24. janúar 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu lamínaríni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/113 frá 24. maí 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu asetamípríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/155 frá 31. janúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 um að úthluta til aðildarríkjanna mati á virku efnunum í tengslum við málsmeðferð við endurnýjun ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/184 frá 7. febrúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin FEN 560 (einnig nefnt grikkjasmári eða duft úr grikkjasmárafræjum) og súlfúrylflúoríð ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/185 frá 7. febrúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu penflúfen ⁽⁶⁾.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 16, 20.1.2018, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 20, 25.1.2018, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 20, 25.1.2018, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 29, 1.2.2018, bls. 8.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 10.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 13.

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

- „– **32018 R 0084:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/84 frá 19. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 16, 20.1.2018, bls. 8),
- **32018 R 0112:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/112 frá 24. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 20, 25.1.2018, bls. 3),
- **32018 R 0113:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/113 frá 24. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 20, 25.1.2018, bls. 7),
- **32018 R 0184:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/184 frá 7. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 10),
- **32018 R 0185:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/185 frá 7. febrúar 2018 (Stjtið. ESB L 34, 8.2.2018, bls. 13).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13zzzz (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 686/2012):

- „– **32018 R 0155:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/155 frá 31. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 29, 1.2.2018, bls. 8).“

3. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzl (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2324):

- „13zzzzzzzzm. **32018 R 0112:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/112 frá 24. janúar 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir áhættulitla virka efninu lamínaríni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 20, 25.1.2018, bls. 3).

- 13zzzzzzzzn. **32018 R 0113:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/113 frá 24. maí 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu asetamípríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 20, 25.1.2018, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/84, (ESB) 2018/112, (ESB) 2018/113, (ESB) 2018/155, (ESB) 2018/184 og (ESB) 2018/185, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.